

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Fljótsdalshérað Urðunarstaður Tjarnarlandi

Dags eftirlits	1.9.2015	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Fulltrúi UST	
Heimili	Lyngás 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	481004-3220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik og fjórar athugasemdir eru gerðar í kjölfar eftirlitsins. Flest eru frávakin/athugasemdirnar vegna skorts á útbúnaði urðunarstaðarins skv. nýútgefnu starfsleyfi, þar sem ekki hefur unnist tími til að útbúa gryfjur og mengunarvarnir skv. leyfinu. Einnig er bent á að meðferð moltu þarf að bæta sem og fokvarnir.

## UMFANG EFTIRLITS

### Fundur

Þann 6.8. var fundað með fulltrúum starfsleyfishafa, þ.e. Ómari Þresti Björgólfssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa og Frey Ævarssyni verkefnisstjóra umhverfismála þann 6.8.2015.

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir urðunarstaðinn Tjarnarlandi þann 8. júlí 2015 með gildistíma til 8.7.2031. Fundurinn var haldinn til að undirbúa eftirlit á vettvangi og samræma skilning á ákvæðum nýs starfsleyfis.

Á fundinum kom fram að ekki verður unnt að ljúka við framkvæmdir á urðunarstaðnum skv. kröfum starfleyfis á þessu ári.

- Gryfja fyrir lífrænan úrgang verður ekki tilbúin
- Lagfæra þarf skurði sunnan og vestan við urðunarsvæðið
- Ekki er búið að staðsetja sýnatökubrunna sem eiga að vera neðan við urðunarstaðinn og finna þarf nýja staðsetningu fyrir brunn ofan við urðunarstaðinn
- Ekki verður unnt að taka sýni skv. ákvæðum starfsleyfis þar sem brunnar verða ekki tilbúnir

### Skoðun á vettvangi

1.9. var farið í eftirlitsferð á urðunarstaðinn. Gengið var um urðunarstaðinn, virkar urðunarreinar skoðaðar sem og girðingin á nokkrum stöðum. Einnig var gengið suður og norður fyrir urðunarstaðinn vegna sýnatöku. Eldri hluti urðunarstaðarins þar sem molta er mágsett var skoðaður. Athygli vakti að mön sem sett hefur verið norðan við urðunarstaðinn hefur verið rofin á einum stað.

Urðunarrein fyrir heimilisúrgang var vel lokað með jarðvegi, en timbur og grófur úrgangur var ekki hulinn. Allmikið af fokefnum var við moltumúga og einnig nokkuð í kringum staðinn, sérstaklega norðan til.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 2.1. í starfsleyfi þar sem segir að hlið Hlið var lokað með keðju og grind, en ekki læst.  
skuli lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram.

gr. 3.2 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um Urðunarhólf fyrir sláturúrgang hefur ekki verið útbúið.  
útbúnað á botni og hliðum urðunarthólfs  
fyrir sláturúrgang.

gr. 3.3 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um söfnun sigvatns.

Fráveituskurður vestan urðunarstaðar er ekki tilbúinn, söfnunaraðstaða sigvatns frá sláturúrgangi hefur ekki verið útbúin, sýnatökubrunnar neðan urðunarstaðar hafa ekki verið settir niður.

grein 2.8 í starfsleyfi þar sem segir að tryggja skuli fullnægjandi loftun við áfarmvinnslu moltunnar og að hana skuli hylja til að hindra fok og hefta aðgang meindýra.

Molta sem geymd er í mágum á urðunarsvæðinu virðist ekki hreyfð nægilega oft né heldur hulin nágu vel. Njóli og gras vex úr mágum og allmikið af fokefnum er við og á milli mágua.

## ATHUGASEMDIR

### Athugasemd 1

Skráning á móttöku úrgangs þarf að bæta þannig að á hverjum tíma sé unnt að sjá magn og tegund úrgangs sem tekið hefur verið á móti inn á urðunarstaðinn. Skráning þessi ætti að vera aðgengileg eftirlitsaðila á hverjum tíma. Þannig ætti t.d. að vera vel aðgengilegar skráninga um hvenær og hve mikið af hrámoltu er flutt til urðunarstaðarins. Fara þarf vel yfir útfærslu á gr. 4.1. í starfsleyfi.

### Athugasemd 2

Ummerki sáust um að fé hafi verið inni á urðunarstaðnum. Skv. upplýsingum frá verkata eru brögð að því að bílstjórar loki ekki hliði á eftir sér þegar fara um staðinn.

### Athugasemd 3

Mön norðan við urðunarstaðinn hefur verið rofin og er sjálfsagt að hún verði lagfærð á ný auk þess sem tína þarf upp fokefni á og við urðunarstaðinn.

### Athugasemd 4

Grófan úrgang svo sem timbur og steypuúrgang ber að hylja ekki síður en annan úrgang að lágmarki í lok hverrar vinnuviku.

## ANNAD

Margt af því sem fram kemur í upptalningu um frávik og athugasemdir eru atriði sem ekki hefur náðst að framkvæma frá því að starfsleyfið var gefið út og einnig eru atriði sem þarf að skýra í verklagi milli verkata og starfsleyfishafa í samræmi við kröfur nýs starfsleyfis.

Umhverfisstofnun hefur nú (14. október 2015) borist úrbótaáætlun vegna frávika í skýrslunni og verður tekin afstaða til hennar á næstu dögum.

Reykjavík, 20.09.2015



Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.